



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Styrkir úr Forvarnasjóði 2010

Lýðheilsustöð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að forvörnum á sviði áfengis- og vímuvarna og eru styrkir veittir til verkefna eða afmarkaðra rannsókna.

Skilyrði fyrir rannsóknastyrkjum til gagnaöflunar er að Lýðheilsustöð hafi aðgang að ópersónugreinanlegum frumgögnum og nauðsynlegum stoðupplýsingum ári eftir að gagnasöfnun lýkur. Í samvinnu við styrkþega getur Lýðheilsustöð einnig veitt þriðja aðila aðgang að gögnunum.

Áhersla er lögð á að verkefni séu samstarfsverkefni og að þau tengist börnum og ungu fólki í eða utan skóla. ***Í ár verða umsóknir sérstaklega metnar með tilliti til stefnu ríkisstjórnarinnar um að efla heilsugæsluna og lýðheilsustarf og forvarnir á þeim grunni.*** Þá er mikilvægt að um sé að ræða stærri, umfangsmeiri og markvissari verkefni sem hægt er að fylgjast náið með hvað framkvæmd og framvindu varðar.

Heilbrigðisráðherra úthlutar úr sjóðnum að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs sem metur umsóknirnar í samstarfi við Lýðheilsustöð. Áskilinn er réttur til að senda umsóknir til umfjöllunar fagaðila, óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaðila og fjármögnun. Einnig áskilja styrkveitendur sér rétt til að ákveða að styrkir verði greiddir út í samræmi við framvindu hvers verkefnis. Sé sótt um styrk til framhaldsverkefna þarf framvinduskýrsla að liggja fyrir.

Mikilvægt er að í umsókninni sé gerð grein fyrir því hvernig verkefnið verður metið.

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2010 og skal sótt um á eyðublöðum á vef Lýðheilsustöðvar, <http://www.lydheilsustod.is/lydheilsustod/forvarnasjodur>.

Styrkir, sem veittir eru á árinu, skulu sóttir fyrir 31. desember 2010.

Nánari upplýsingar fást í síma 5 800 900, johann@lydheilsustod.is eða á vef Lýðheilsustöðvar. Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið johann@lydheilsustod.is